Reykjavík

Frístundaheimilið Selið

Starfsáætlun 2026–2027



Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Contents

Frístundaheimilið Selið 0

Starfsáætlun 2026–2027 0

Inngangur 2

Innra mat 2025–2026 2

1. Styrkleikar 3

Umbótaáætlun 2026–2027 3

Aðgerð 1 – Bætt upplýsingaflæði til foreldra 4

Aðgerð 2 – Efling félagsþroska og virk þátttaka barna 5

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 5

Þemavikur starfsársins 7

SEPTEMBER – HEILSUVIKA, 21.–25. SEPTEMBER 7

OKTÓBER – VÍSINDA- OG TILRAUNAVIKA, 12.–16. OKTÓBER 7

NÓVEMBER – RÉTTINDAVIKA, 16.–20. NÓVEMBER 7

DESEMBER – JÓLAGLEÐI OG SAMVERA 7

JANÚAR – FJÖLMENNINGARVIKA, 18.–22. JANÚAR 7

FEBRÚAR – MIÐLALÆSISVIKA, 15.–19. FEBRÚAR 7

MARS – UMHVERFISVIKA, 15.–19. MARS 8

APRÍL – BARNAMENNINGARVIKA, 19.–23. APRÍL 8

MAÍ – FJÖLBREYTILEIKAVIKA, 10.–14. MAÍ 8

Helstu dagsetningar 8

Inngangur

Frístundaheimilið Selið starfar á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og þjónustar börn á grunnskólaaldri. Forstöðumaður Selsins er Þorlákur Björnsson og aðstoðarforstöðukona er Agnes Líf Ingvadóttir. Auk þeirra starfa 27 starfsmenn við frístundaheimilið í allt að 50% starfshlutfalli, þar af fjórir stuðningsfulltrúar. Starfsmannahópurinn býr yfir fjölbreyttri reynslu og áhugasviðum sem nýtast í starfinu með börnunum.

Starfsáætlunin er unnin út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, niðurstöðum innra mats og viðhorfskönnunum.

Lögð er áhersla á að börnum standi til boða fjölbreytt frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri, þroska og áhuga hvers barns. Unnið er með virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að öll börn fái tækifæri til þátttöku og njóti stuðnings við hæfi.

Í þessari aðgerðaráætlun er fjallað um innra mat Selsins starfsárið 2025–2026, helstu styrkleika og tækifæri til umbóta, áherslur starfsársins 2026–2027 og helstu viðburði og dagsetningar.

Innra mat 2025–2026

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfsins. Matið byggir á viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar. Vísbendingar sem fá einkunnina A teljast til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina C eða D geta gefið tilefni til umbóta. Niðurstöður viðhorfskannana eru jafnframt nýttar við mat á starfinu.

Við innra mat Selsins voru fjórir meginþættir skoðaðir: börnin á frístundaheimilinu, starfshættir og viðfangsefni, mannauður og faglegt starf, og bjargir og skipulag.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

1. Styrkleikar

Börnin á frístundaheimilinu	**Börnin eru virk í lýðræðislegu starfi og fá tækifæri til að hafa áhrif á starfsemina í gegnum reglulega Barnaréttindaráðsfundi.** **Barnaréttindaráðsfundir hafa meðal annars haft áhrif á klúbbastarf og síðdegishressingu.** **Hugmyndakassi er aðgengilegur börnunum og hugmyndir þeirra nýttar við þróun daglegs starfs.** **Lögð er áhersla á þarfir, þroska, áhuga og styrkleika hvers barns.**
Starfshættir og viðfangsefni	**Starfsumhverfið einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.** **Börnunum stendur til boða fjölbreytt starf, frjáls leikur og skipulagt hópastarf.** **Dagskipulag og verkaskipting starfsfólks eru skýr og endurmetin reglulega.**
Mannauður og faglegt starf	**Stjórnendur virkja starfsfólk, börn og aðra hagsmunaaðila við mótun starfsins.** **Áhersla er lögð á að nýta áhugasvið og hæfni starfsfólks í klúbbastarfi og öðrum viðfangsefnum.** **Starfsmannakönnun hefur komið vel út en ánægja starfsfólks Selsins var í fjórða hæsta sæti í síðustu könnun Stofnun ársins.** **Samskipti starfsfólks einkennast af umhyggju, þolinmæði og jákvæðum starfsanda.**
Bjargir og skipulag	**Móttaka og brottför barna fara fram með skipulögðum hætti.** **Samstarf Selsins við stjórnendur Melaskóla gengur mjög vel.** **Meðalskor fyrir vinnu að eflingu félagsþroska var 3,66 samanborið við 3,96 í Reykjavík í heild.**

Umbótaáætlun 2026–2027

Niðurstöður innra mats sem og könnunar sem lögð var fyrir foreldra sl. skólaár sýnir fram á tækifæri og áframhaldandi þróun í þremur meginþáttum.

- **Upplýsingaflæði til foreldra: Niðurstöður innra mats sýna að bæta mætti upplýsingaflæði til foreldra. Í foreldrakönnuninni óskuðu foreldrar eftir meiri upplýsingum um viðfangsefni, líðan barna og almenna dagskrá.**
- **Aðstaða og efniviður: Matsblaðið gefur til kynna að skoða megi aðstöðu húsnæðis og útileiksvæðis, ásamt fjölbreytni og aðgengi að efnivið og búnaði.**
- **Virk þátttaka og félagsþroski: Foreldrakönnunin bendir til þess að áfram sé mikilvægt að efla félagsþroska barna og skapa þeim fjölbreytt tækifæri til félagseflingar.**

Aðgerð 1 – Bætt upplýsingaflæði til foreldra

Umbótaþáttur/ matsþáttur	**Bjargir og skipulag – samstarf og upplýsingamiðlun.**
Tækifæri til umbóta	**Í innra mati var markvisst samstarf við foreldra og gott upplýsingaflæði metið til einkunnar C. Þá sýnir foreldrakönnun einnig að foreldrar óska eftir meiri upplýsingum um viðfangsefni, líðan barna og dagskrá.**
Leiðir að umbótum	**Senda reglulega og hnitmiðaða upplýsingapósta til foreldra.** **Kynna helstu viðfangsefni og þemavikur með góðum fyrirvara.** **Upplýsa foreldra um dagskrá og starfsemi Selsins með skýrum og aðgengilegum hætti.** **Betur sé hugað að persónulegri upplýsingagjöf um líðan barns þegar þörf er á.**
Ábyrgð	**Forstöðumaður og aðstoðarforstöðukona Selsins.**
Hvenær hefst og hvenær er áætluð lok?	**Haust 2026 – vor 2027.**
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	**Farið yfir upplýsingagjöf og viðbrögð foreldra á starfsmannafundum. Niðurstöður næstu foreldrakönnunar verða einnig nýttar við mat á árangri.**
Viðmið um árangur	**Foreldrar hafi greiðan aðgang að upplýsingum um starfsemi, dagskrá og viðfangsefni Selsins og upplifi upplýsingagjöfina sem skýra, reglulega og hæfilega.**

Aðgerð 2 – Efling félagsþroska og virk þátttaka barna

Umbótaþáttur/ matsþáttur	**Börnin – félagsfærni, lýðræði og þátttaka.**
Tækifæri til umbóta	**Foreldrakönnun gefur til kynna að tækifæri séu til að efla félagsþroska barna enn frekar. Mikilvægt er að halda áfram að skapa fjölbreytt tækifæri fyrir öll börn til virkrar þátttöku og jákvæðra samskipta.**
Leiðir að umbótum	**Halda áfram reglulegum Barnaréttindaráðsfundum og nýta hugmyndir barnanna í daglegu starfi.** **Skipuleggja fjölbreytta félagsfærnileiki og samvinnuverkefni.** **Hvetja börnin til að koma með hugmyndir og hafa áhrif á viðfangsefni og dagskrá.** **Veita börnum stuðning við samskipti, vináttu og lausn ágreinings.**
Ábyrgð	**Stjórnendur og starfsfólk Selsins.**
Hvenær hefst og hvenær er áætluð lok?	**Allt starfsárið 2026–2027.**
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	**Regluleg ígrundun á starfsmannafundum, athuganir á þátttöku barna og samtöl við börnin um líðan þeirra og upplifun af starfinu.**
Viðmið um árangur	**Börnin fái tækifæri til að hafa áhrif á starfið, upplifi sig sem mikilvægan hluta af hópnum og eigi jákvæð samskipti við önnur börn.**

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Starfið í Selinu byggir á Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og fimm grundvallarþáttum hennar: félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði.

Lögð verður áhersla á að flétta þessa þætti inn í daglegt starf og þemavikur starfsársins. Börnin fái tækifæri til að læra í gegnum leik, reynslu, samvinnu og skapandi verkefni. Rödd barna og virk þátttaka þeirra verði höfð að leiðarljósi við skipulagningu starfsins.

Félagsfærni

Unnið verður markvisst að því að efla jákvæð samskipti, vináttu, samvinnu og virðingu. Börnunum verður leiðbeint um lausn ágreinings og hvernig þau geta átt góð samskipti við aðra. Lögð verður áhersla á að öll börn upplifi sig sem hluta af hópnum.

Sjálfsefling

Börnin fái tækifæri til að taka sjálfstæðar ákvarðanir, koma hugmyndum sínum í framkvæmd og finna styrkleika sína. Með jákvæðri hvatningu og fjölbreyttum viðfangsefnum verður stuðlað að auknu sjálfstrausti og trú á eigin getu.

Læsi

Læsi verður fléttað inn í daglegt starf með fjölbreyttum verkefnum sem efla málskilning, samskipti, miðlalæsi, samfélagslæsi, vísindalæsi og náttúru- og umhverfislæsi. Sérstök áhersla verður á miðlalæsi í febrúar.

Sköpun

Börnin fái að kynnast fjölbreyttum skapandi viðfangsefnum, meðal annars myndlist, föndri, tónlist, leiklist, vísindum og verklegum verkefnum. Lögð verður áhersla á að hugmyndir barnanna fái að njóta sín og að þau hafi val um ólíkar leiðir til sköpunar.

Heilbrigði

Unnið verður að því að efla líkamlega, andlega og félagslega heilsu barnanna. Lögð verður áhersla á hreyfingu, útiveru, vellíðan, jákvæða sjálfsmynd, vináttu og heilbrigðar lífsvenjur.

Þemavikur starfsársins

September – Heilsuvika, 21.–25. september

Í Heilsuviku er lögð áhersla á líkamlega, andlega og félagslega heilsu barnanna. Börnin taka þátt í hreyfileikjum, útiveru, samverustundum og verkefnum sem efla vellíðan, jákvæða sjálfsmynd og vináttu. Kynntar eru heilbrigðar lífsvenjur með leik og sköpun.

Október – Vísinda- og tilraunavika, 12.–16. október

Börnin fá tækifæri til að rannsaka, uppgötva og læra í gegnum einfaldar tilraunir og vísindalega hugsun. Unnið verður með náttúruvísindi, tækni, skynjun og sköpun þar sem forvitni og spurningar barna fá að leiða verkefnin áfram.

Nóvember – Réttindavika, 16.–20. nóvember

Í tilefni af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kynnast börnin réttindum sínum og skyldum á aldurshæfan hátt. Lögð er áhersla á virðingu, þátttöku, jafnrétti, lýðræði og að rödd barna fái að heyrast í starfinu.

Desember – Jólagleði og samvera

Í desember skapast notalegt og hátíðlegt andrúmsloft þar sem lögð er áhersla á sköpun, samveru og gleði. Börnin taka þátt í jólaföndri, tónlist, leikjum og undirbúningi jólamarkaðar þar sem samfélagsvitund og samkennd eru í fyrirrúmi.

Janúar – Fjölmenningarvika, 18.–22. janúar

Börnin kynnast fjölbreytileika samfélagsins, mismunandi menningarheimum, tungumálum og hefðum. Áhersla er lögð á virðingu fyrir ólíkum bakgrunni fólks og að efla skilning, umburðarlyndi og jákvæð samskipti.

Febrúar – Miðlalæsisvika, 15.–19. febrúar

Í miðlalæsisviku læra börnin að skoða miðla á gagnrýninn og skapandi hátt. Fjallað er um samskipti á netinu, öryggi, auglýsingar og hvernig miðlar hafa áhrif á daglegt líf barna. Verkefni taka mið af aldri og þroska barnanna.

Mars – Umhverfisvika, 15.–19. mars

Börnin fræðast um náttúruna, sjálfbærni og mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfinu. Unnið verður með endurvinnslu, flokkun, útikennslu og verkefni sem tengjast náttúru og nærumhverfi barnanna.

Apríl – Barnamenningarvika, 19.–23. apríl

Í tengslum við Barnamenningarhátíð er lögð áhersla á listir, sköpun og menningarlega tjáningu barna. Börnin fá tækifæri til að prófa fjölbreyttar aðferðir í myndlist, leiklist, tónlist og skapandi starfi þar sem hugmyndir þeirra og þátttaka eru í forgrunni.

Maí – Fjölbreytileikavika, 10.–14. maí

Í fjölbreytileikaviku er lögð áhersla á að hvert barn sé einstakt og dýrmætt. Unnið verður með virðingu, jafnrétti og inngildingu í gegnum leiki, samræður og verkefni sem sýna styrkleika og sérstöðu einstaklinga og hópa. Markmiðið er að efla samkennd, jákvæð samskipti og tilfinningu barna fyrir því að þau tilheyri samfélaginu.

Helstu dagsetningar

Hér má sjá helstu dagsetningar sem unnar eru í samræmi við Skóladagatal Melaskóla 2026-2027, t.d. lengda viðverudaga, þemavikur Selsins, viðburði og vetrarfrí.

Ágúst

- 24. ágúst – Skólasetning.
- 25. ágúst – Fyrsti dagur í vetrarstarfi.

September

- 21.–25. september – Heilsuvika.
- 30. september – Lengd viðvera.

Október

- 12.–16. október – Vísinda- og tilraunavika.
- 21. október – Lengd viðvera.
- 22., 23. og 26. október – **Vetrarfrí**.

Nóvember

- 16.–20. nóvember – Réttindavika.

- 26. nóvember – Lengd viðvera.

Desember

- 10. desember – Jólamarkaður Selsins.
- 21. desember – Lengd viðvera.
- 22. desember – Lengd viðvera.
- 23. desember – Lengd viðvera.
- 27. desember – Lengd viðvera.
- 28. desember – Lengd viðvera.
- 29. desember – Lengd viðvera.
- 30. desember – Lengd viðvera.

Janúar

- 4. janúar – Lengd viðvera.
- 18.–22. janúar – Fjölmenningarvika.

Febrúar

- 5. febrúar – Lengd viðvera.
- 8. febrúar – Bolludagur.
- 9. febrúar – Sprengidagur.
- 10. febrúar – Öskudagur.
- 15.–19. febrúar – Miðlalæsisvika.
- 22. - 23. febrúar – **Vetrarfrí.**

Mars

- 15.–19. mars – Umhverfisvika.
- 22. mars – Lengd viðvera.
- 23. mars – Lengd viðvera.
- 24. mars – Lengd viðvera.

Apríl

- 19.–23. apríl – Barnamenningarvika.
- 27. apríl – Lengd viðvera.

Maí

- 10.–14. maí – Fjölbreytileikavika.
- 13. maí – Regnbogahlaup.

Júní

- 10. júní – Skólaslit.
- 11. júní – Starfsdagur starfsfólks Selsins.
- 14. júní – Fyrsti dagur í sumarfrístund.

Júlí

- 5. júlí – 4. ágúst – Sumarlokun Selsins.